

Fundur nr. 142

Ár 2016, föstudaginn 26. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í veitingahúsinu HÖFNINNI við Suðurbugt og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir
Líf Magneudóttir
S. Björn Blöndal
Ólafur Adolfsson
Jónína Erna Arnardóttir

Varafulltrúi:

Hildur Sverrisdóttir
Elsa Yoeman
Gunnar Alexander Ólafsson
Einar Brandsson

Áheyrnarfulltrúar:

Ingibjörg Valdimarsdóttir
Ragnar Eggertsson

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi, Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar, Erna Kristjánsdóttir, markaðsstjóri, Hallur Árnason, umhverfis- og öryggisfulltrúi, Gísli Jóhann Hallsson, yfirhafnsögumaður, Ágúst Ágústsson, markaðsstjóri, Auður M. Sigurðardóttir, fjármálastjóri, Helgi Laxdal, rekstrarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Ásreikningur Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2015, skýrsla endurskoðenda, ásamt greinargerð hafnarstjóra. Bréf endurskoðunarnefndar dags. 25.2. 2016.
Endurskoðendur þeir Árni Claessen og Ólafur Björnsson mættu á fundinn og fóru yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu. Einnig mættu Ólafur Kristinsson og Inga Björg Hjaltadóttir í Endurskoðunarnefnd. Hafnarstjórn samþykkir ársreikninginn.
2. Starfsdagur stjórnar Faxaflóahafna sf.
Farið yfir ýmis málefni Faxaflóahafna sf. samkvæmt dagskrá sem lá fyrir. Lögð fram ýmis gögn varðandi aðalskipulag hafnarsvæða Faxaflóahafna sf.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14:00

